

Geneva 1907 - 2017

PSI (Public Services International) eru alþjóðasamtök stéttarfélaganna opinberra starfsmanna um allan heim. Þau voru stofnuð fyrir 110 ári og héldu nýlega sitt 30. alheimsping.

Aðildarfélög PSI telja um 20 milljónir vinnandi kvenna og karla sem veita afar mikilvæga opinbera þjónustu í 154 löndum. PSI er öflugur talsmaður mannréttinda og félagslegs réttlætis og stuðlar að allir hafi jafnan aðgang að góðri opinberri þjónustu. PSI er meðal annars í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir innan þeirra, auk annarra alþjóðlegra samtaka og stofnana.



Fólk í forgang!

Umræðuefnin á Alheimspingi PSI (Public service International) í lok október í Genf voru fjölmörg. Yfirskrift þingsins var **People over Profit** og voru helstu stefnu- og baráttumál PSI á heimsvísu rædd, en þátttakendur á þinginu voru um 800 talsins frá öllum heiminum. Fulltrúar BSRB og aðildarfélaga þess voru þau Árni Stefán Jónsson, formaður SFR stéttarfélags, Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Birna Ólafsdóttir frá SLFÍ, auk Þórarins Eyfjörð og Sólveigar Jónasdóttur frá SFR.

Málefnið voru fjölmörg og meðal annars var rætt um einkavæðinguna sem virðist tröllríða öllum opinberum stofnunum hvar sem er í heiminum, baráttu einstakra þjóða, svo sem baráttu Filippseyinga fyrir viðurkenningu á réttindum starfsmanna, baráttu japanskra slökkviliðsmanna til að stofna stéttarfélög í skugga kjarnorkugeilsunar og jarðskjálfa, öryggi heilbrigðisstarfsmanna, hvort heldur sem er á vesturlöndum eða í miðjum ebólu-faraldri í Líberíu og baráttan gegn skattaundanskotum stórfyrirtækja, sem eru umfangsmikil og á alheimsvísu. Þá var einnig fjallað um mannréttindi, umhverfismál, innflytjendur og mikilvægt framlag þeirra til vinnumarkaðarins, flóttafólk og mögulega fjölgun þeirra í framtíðinni, nýjar áskoranir, framtíðarvinnumarkaðinn, tæknibreytingar og fjölmargt fleira. Fulltrúar stéttarfélaga hafa víða verið fangelsaðir í Kólumbíu, Tyrklandi, Brasilíu, Egyptalandi og víðar, opinberir starfsmenn í Nígíríu hafa ekki fengið greidd laun mánuðum saman, og það er víst ekki að gerast í fyrsta sinn þar sem stjórnvöld nota almannafé til eigin hagsmuna. Verkalýðsbaráttan í Suður Kóreu er lituð baráttunni gegn vopnavæðingu. Um allt þetta var rætt á fimm daga alheimspingi PSI og meira til. Andi mannréttinda- og verkalýðsbaráttu var beinlínis áþreifanlegur og afar sterkur.

Alheimsping PSI er haldið á fimm ára fresti og þar er aðgerðaáætlun næstu ára ákvörðuð og litið bæði til fortíðar og framtíðar. Ályktanir þingsins eru fjölmargar og taka oft mikinn tíma í vinnslu þegar svo margar þjóðir koma að borðinu, en í þeim birtist m.a. sameiginlegur skilningur okkar á stefnu PSI og framkvæmd hennar. Meðal þeirra ályktana sem samþykktar voru var til dæmis ályktun um baráttu gegn ofbeldi gegn konum, mannréttindabrot í Palestínu, Brasilíu, Nígíríu, Kólumbíu og víðar, gegn einkavæðingu, gegn skattaundanskotum fjölþjóðafyrirtækja, mál- og tjáningarfrelsi, réttinn til að stofna stéttarfélög, menntun og lágmarkslaun, svo fátt eitt sé nefnt.



Rosa Pavaelli, aðalritari PSI, ávarpaði þingið á fyrsta degi og ræddi meðal annars um aðgerðaskýrslu PSI frá árunum 2012-2017 (<http://congress.world-psi.org/wp-content/uploads/2017/08/EN-Report-of-Activities-2012-2017-final-Aug-2017-circ-8.pdf>).

Víða hafa miklar breytingar orðið á vinnumhverfi fólks, t.d. vegna efnahagskreppunnar sem varð þess m.a. valdandi að opinberi geirinn skropp saman um allan heim. Það sem hefur helst einkennt baráttuna síðastliðin ár, að hennar mati, hafa

verið baráttan gegn einkavæðingu, ekki bara heilbrigðiskerfisins heldur einnig orku og vatns, baráttan gegn stórfyrirtækjum og fjármagnsöflunum og rasisma.

Við höfum komið upp gríðarstórri einkavæðingarvakt með 5000 aðilum, þar sem við getum barist á breiðum grundvelli. Við vorum með þeim fyrstu til að vara til TISA og SITA sem EPSU tók einnig virkan þátt í. Við getum ekki leyft að TISA sé rætt í leynd, Paragvæ og Úrúgvæ hafa dregið sig til baka í

viðræðunum og við þrýstum á önnur lönd að gera hið sama. Hver hefði trúað því að fyrir nokkrum árum hefði skattamál verið svona stór í alþjóðaumræðunni? Skattar fjölþjóðfyrirtækja eru stór umræða í dag, auðvitað ekki eingöngu okkar PSI heldur einnig vegna lekans á Panama-skjölunum. En við fórum strax í málið og bentum á að hversu rangt þetta var. Við krefjumst þess að skattaundanskotum stórfyrirtækja verði útrýmt. Við höfum vakið athygli á því að skattaundanskot ýta undir mismunun í heiminum. Baráttu okkar fyrir réttindum uppljóstrara (whislersblowers) með ESPU kemur einnig inn á þá baráttu.



Guy Ryder, forseti ILO, var gestur á þinginu og tók meðal annars þátt í umræðum um framtíðarvinnumarkaðinn. Þar bað hann fólk að varast að týnast í tölum og útreikningum um fjölda nýrra starfa í vangaveltum sínum um framtíðarvinnumarkaðinn. Við þyrftum þess í stað að einbeita okkar að kröfunni um lýðræði framtíðarinnar, tryggja félagslega virkni og leysa úr verkefnum mikilla fólksflutninga. Í framtíðinni yrði valdið fólgið í þekkingu á tækninni og það þyrfti að tryggja að það vald væri í réttum höndum. Við megum ekki taka breytingum

framtíðarinnar sem fórnarlömb heldur sem þátttakendur og höfundar. Framtíðin er okkar að móta.

Bindum enda á ofbeldi gegn konum



Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi var áberandi á þinginu. Undirskriftasöfnun var í gangi þá daga sem þingið stóð, bæði í umræðum og upptökum og sýningum á myndböndum. Síðasta dag þingsins voru þátttakendur beðnir um að klæðast appelsínugulu og karlmenn í salnum stóðu upp og fóru saman með nokkur orð um það að þeir berðust gegn ofbeldi gagnvart konum.

Fulltrúar Íslands höfðu tekið með appelsínugul verkfallsvesti til þessara nota og karlkyns fulltrúar

steyttu að sjálfsögðu hnefann með félögum sínum í baráttunni eins og myndin sýnir.



Aðgerðaáætlun PSI til næstu fimm ára (2018-2022)

Yfirskrift alheimspingsins 2017 mun vera leiðandi í aðgerðaáætlun PSI næstu fimm árin.

Aðgerðaáætlun byggir á pólitískum áherslum PSI. Hér að neðan er stutt samantekt úr aðgerðaáætluninni.

1. hluti. Inngangur. Þær alþjóðlegu ógnanir og tækifæri sem PSI og meðlimir þess standa frammi fyrir. Barátta okkar er ekki aðgreind annarri baráttu allra starfsmanna og baráttunni fyrir lýðræði, mannréttindum og réttlæti fyrir alla. Í aðgerðaáætluninni er tekið á ógn alþjóðafyrirtækja, vaxandi ójöfnuði, aukningu kynþáttafordóma og útlendingahaturs. Auk þess er fjallað um ákveðna einstaka staði þar sem opinberir starfsmenn búa við ógn og stríðsátök. Í aðgerðaáætluninni eru opinberir starfsmenn hvattir til að vera hugrakkir og framsýnir og vera reiðubúnir til að leiða breytingar.

2. hluti. Að byggja upp kraftinn til að búa til heiminn sem við viljum. Fjallar um mikilvægi þess að byggja upp kraft til að knýja fram breytingar. Verkalýðs- og stéttarfélög geta verið kröftugar skipulagseiningar og með samstöðu, lýðræðislegu skipulagi og þekkingu félagsmanna er krafturinn margfaldaður.

3. hluti. Virðing og mannleg reisn fyrir alla. Fjallar um skuldbindingu okkar til að virða alla jafnt. Það skiptir máli að viðurkenna sögulegt óréttlæti, binda enda á mismunun og grípa til aðgerða gegn óréttlæti. Í kaflanum eru einnig nýjar greinar um innflytjendur og flóttamenn, kynþáttafordóma og útlendingahatur, LGBTQI (Lesbian, gay, bisexual, transgender, queer and intersex), frumbyggja og fatlaða starfsmenn. Þar er einnig að finna viðurkenningu á starfi Kvennanefndar PSI um mikilvægi kvenna á vinnumarkaði, auk þess sem PSI skuldbindur sig til að auka stuðning við ungt fólk í starfi fyrir PSI og aðildarfélög þess.

4. hluti. Sanngjarnt hagkerfi. Fjallað er um áskoranir sem breytingar á vinnumarkaði og aukinn ójöfnuður hefur í för með sér. Vald alþjóðafyrirtækja hefur aukist óhugnanlega og stærra hlutverk alþjóðlegra fjármálastofnana á vinnumarkaðinn viðheldur nýfrjálshyggju í stefnumótun og framkvæmd. Þá er fjallað um skattasanngirni, skuldir, viðskipti, spillingu, sjálfbæra þróun, loftslagsbreytingar, lífeyrisgreiðslur og tækniframfarir (digitalization).

5. hluti. Stéttarfélög og vinnumarkaðsréttur. Fjallar um það meginhlutverk PSI að verja rétt opinberra starfsmanna á alheimsvísu og vinna að því að styrkja samningsstöðu þeirra gegnum stéttarfélög opinberra starfsmanna. PSI stendur vörð um mannréttindi félagsmanna aðildarfélaga sinna og styður félögin í að bæta laun og vinnuskilyrði félagsmanna.

6. hluti. Baráttan gegn einkavæðingu. Fjallað er um kröfuna sem PSI gerir á gæðum opinberrar þjónustu og mikilvægi hlutverks opinberra starfsmanna sem varðmenn þeirra sem minna mega sín í samfélaginu. Hér er einnig fjallað um mannréttindi, félagslegt réttlæti, þær ógnir sem stafa af einkavæðingunni og hvernig við getum mætt þeim.

7. hluti. Að styrkja innra kerfi stéttarfélagsbaráttunnar. Fjallað er um hvernig gera má hverja einingu sterkari með því að styrkja og skýra hlutverk hennar. Þverfagleg málefni eins og jafnrétti, einkavæðing og stéttarfélagsréttindi verða í samstarfi. Samstarf og skýrar skipulagseindir eru mikilvægar til að styrkja baráttuna. Í þessum hluta er einnig fjallað um sérstakar aðgerðir PSI.



Dagskrá þingsins var byggð upp með þeim hætti að fjallað var um hvert efni í sérstökum „panel“ þar sem fyrirlesarar frá mismunandi löndum og stéttarfélögum héldu stutt erindi og ræddu þær með umræðustjóra. Þetta var afar skýrt fyrirkomulag og gaf okkur Íslendingunum, sem erum kannski ekki jafnvel inn í öllum málum, gott tækifæri til að kynnst þeim frá ýmsum hliðum. Umræðustjórnarnir voru í flestum tilfellum vant fjölmiðla- og fræðifólk og var Ögmundur Jónasson, fyrrverandi formaður BSRB, einn þeirra. Á milli „panel“-umræðanna var síðan fjallað um aðgerðaáætlanir og ályktanir þingsins sem kynntar hafa verið hér að framan.



Umræðuefni Panelumræðanna voru margskonar, en hnattvæðing, einkavæðing, skattabrot alþjóðlegra fyrirtækja, ójöfn skipting auðs og mannréttindi félagsmanna voru þar rauði þráðurinn. Þessi ólíku stéttarfélög enn ólíkra landa virtust eiga fjölmargt sameiginlega í baráttu sinni. Einkavæðingin og tímabundnar ráðningar voru vandamál, hvort heldur sem er í Japan eða Íslandi og Danmörku.

Hér verður kynnt innihald tveggja umræðna sem fram fóru í „panelum“. Annars vegar þar sem fjallað var um áskoranirnar framundan og hins vegar um inntak starfa í opinbera geiranum, en þeirri málstofu stýrði Ögmundur Jónasson fyrrverandi formaður BSRB.

Áskoranirnar framundan

(Á krossgötum – að velja fólk umfram hagnað)

Stjórnandinn var Owen Jonas (aktivisti og pistlahöfundur hjá Guardian)

Það er nóg auður í heimi til að tryggja að allir geti lifað innihaldsríku lífi. Núverandi kerfi er hins vegar hannað þannig að auðurinn dreifist ekki til þeirra sem á þurfa að halda. Hvað þá að honum sé skipt jafnt. Um allan heim eiga sér stað mannréttindabrot. Ójöfnuður og ójafnvægi eru að aukast. Atvinnuleysi í kjölfar alþjóðlegru fjármálakreppunnar hefur aukist og skorið hefur verið niður fé til opinberrar þjónustu. Í mörgum heimshlutum hefur gamla nýlendutímanum verið skipt út fyrir efnahagslega nýlendustefnu. Við þurfum að búa okkur undir kapphlaup um réttindi og störf opinberra starfsmanna.

Hagnaður alþjóðlegra fyrirtækja er víða notaður til þess að hafa áhrif á ríkisstjórnir, fjölmiðla og jafnvel kosningar. Markaðslögmálin ríkja í pólitískum heimi - umhverfisstefnur ríkja og fyrirtækja ráðast af hæstbjóðandi. Traust á opinberum stofnunum minnkar. Við sjáum aukna þjóðernishyggju, og kynþáttafordóma og ofbeldi gagnvart viðkvæmum hópum eins og innflytjendum og flóttafólki eykst.

Stéttarfélög verða fyrir gagnrýni og árásum vegna hlutverks þeirra. Þessar árásir eru birtingarmynd þess að fjármálaöflin vilja takmarka hlutverk og vald stéttarfélaganna og félagsmanna þeirra. Allt eru þetta stór mál sem tengjast hinum hnattvædda heimi. Við getum hins vegar dregið innihald þeirra niður í örfáar spurningar: Viljum við setja hagnað eða fólk í forgrunn? Viljum við heim þar sem auður, vald og forréttindi tilheyra einungis örfáum? Erum við reiðubúin að berjast fyrir grundvallar mannréttindum og reisu? Barátta stéttarfélaganna er lykillinn að árangri þessara barátta.

Trump forseti Bandaríkjanna var ofarlega í huga fólks í umræðunum um framtíðina vegna stefnu hans í utanríkismálum og innflytjendamálum, sem sannarlega spila stórt hlutverk í umræðum um atvinnumarkaðinn.

Tefere Gebre varaformaður AFL-CIO í Bandaríkjunum sagði mikilvægt að finna alþjóðlega samstöðu í baráttunni gegn stefnu Trumps, en komst þannig að orði í gríni að hann persónulega væri helsta martröð Trumps, verandi flóttamaður frá Afríku, svartur og verkalýðsforingi í USA. Hann sagði vinnuframlag innflytjanda í USA afar mikilvægt og stéttarfélög þar í landi gera sitt til að berjast fyrir réttindum þeirra, ekki bara með hefðbundinni réttindabaráttu heldur einnig í gegnum þjálfunprógrömm og námskeiðum ýmskonar. Tefere sagði innflytjendur eiga stöðugt á hættu að vera vísað úr landi ef þeir hafa of hátt. Við þurfum að standa saman og berjast jafn „local“ og „global“. Þegar við leyfum okkur að vera sundruð erum við veik fyrir. Hann sagði nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á alþjóðahreyfingar og alþjóðasamstöðu. Við þurfum að leggja áherslu á réttindi innflytjenda, einungis þannig munum við styrkjast. Stéttarfélagaréttindi eru fyrir allt vinnandi fólk.

Sahar Desouki Ibrahim Fouad, varaforseti og forseti kvennanefndar stéttarfélags heilbrigðisstarfsmanna í Egyptalandi, komst ekki sjálf á fundinn. Karlmaður sem ég náði ekki nafninu á lýsti henni sem öflugri baráttukonu og það hefði einmitt verið vegna baráttu hennar sem hún gat ekki komið á fundinn. Staðan í Egyptalandi er mjög eldfim og Sahar og félagar eiga í mikilli baráttu að verjast ofbeldi og ýmis konar áreiti. Arabíska vorið hefur haft miklar afleiðingar og sumar þeirra sáu þau ekki fyrir. Unga fólk og konur voru mjög virkar í byltingunni og þar voru nefnd orð eins og kynbundið ofbeldi og áreiti sem við höfðum aldrei getað notað áður. Stuðningur félaga í gegnum PSI var mjög mikilvægur og varð til þess að fleiri félög tóku þátt. Það voru þó ekki öll stéttarfélög sem tóku þátt í baráttunni, sum reyndu að nýta sér ástandið til eigin hagsmunagæslu. Byltingin vakti upp öfgahópa sem virðist halda áfram með einhvers konar framhaldsbyltingu. Það er sundrun ríkjandi núna og lítil samhæfing eða plan. Það er helst ástæðan fyrir því að islamistar gátu náð völdum. Við sjáum fram á að náum ekki að breyta í gegnum lýðræðið. Staðan er óljós núna og erfið.

Magdalena Sepúlveda talaði um pólitíska stöðu í Suður Ameríku sem hún byggir á reynslu sinni sem fyrrum fréttaritari Sameinuðu þjóðanna um fátækt og mannréttindi.

Álfan er enn fremst í flokki þegar kemur að mismunun karla og kvenna, sagði Magdalena. Misskiptingin er gríðarleg. Fátækt eykst á sama tíma og milljarðamæringum fjölgar. Þeir hafa áhrif á allt samfélagið og standa gegn félagslegum réttindum. Hungur hefur aukist og fátækum konum fjölgar hratt. Svæðið hefur einnig vinninginn þegar kemur að fjölda ofbeldisverka. Þar er glæpatíðnin hæst og stór svæði eru beinlínis hættuleg almenningi. Fjöldi fólks er á flóttu frá þessum svæðum, en þessir flóttamenn tynast í umræðunni. Fólk er drepð og það hverfur. Í Venesúela eru mannréttindabrot alla daga, pyntingar og fangelsun án dóms og laga eru algeng. Heimilisofbeldi er víða. Konur vinna einar meirihluta heimilisstarfanna og sjá um umönnun barna. Fóstureyðingar eru bannaðar, jafnvel þegar konu hefur verið nauðgað. Staða alþjóðafyrirtækja styrkist í þessu ástandi, spillingin er mikil og fólk er sannarlega ekki í forgangi. Jafnvel stjórn málaöfl sem kenna sig við breytingar eru nú föst í spillingarmálum. Morð á verkalýðsforingjum, umhverfisverndarsinum, hugsjónafólki og slíkum eiga sér stað. Meir en tíu blaðamenn hafa verið myrtir bara í Mexíkó síðastliðin ár. Þetta hefur áhrif á tjáningarfrelsið – fólk er hrætt. Lýsingar Magdalenu á ástandinu voru sannarlega ekki upplýfgandi en hún vildi meina að sterkasti leikurinn til þess að breyta ástandinu væri í gegnum sameiginlega baráttu aðildarfélaga PSI gegn skattabrotum. Hún sagði að sanngjarnir skattar gætu hjálpað til við að byggja upp sterkt velferðarkerfi en það væri flókið núna þar sem stærstu skattabrotin væru hjá alþjóðafyrirtækjunum. Baráttan gegn skattabrotum fjölþjóðafyrirtækja verður að vera í forgangi hjá okkur í framtíðinni.

Meira en starf – framtíð starfa í opinbera geiranum

Stjórnandinn var Ögmundur Jónasson (fyrirverandi formaður BSRB, ráðherra og alþingismaður)

Við heyrum raddir um einkavæðingu, rafræna byltingu o.fl. Við áttum okkur líka á að opinberi geirinn er svo miklu meiri en störfin ein og sér. Opinberi geirinn (Public service) er stoð í samfélaginu,

Starf opinberra starfsmanna er annað og meira en venjulegt launað starf. Þeir sem starfa á opinberum markaði gegna einnig hlutverki þjóna samfélagsins. Til þess þurfa þeir fullnægjandi vinnuréttindi, viðeigandi vinnuaðstæður og sanngjarna þátttöku í ákvarðanatöku er varðar þjónustuna sem þeir veita. Þetta hefur verið krafa okkar til handa opinberum starfsmönnum og á þetta hefur verið lögð áhersla hjá flestum þjóðum. En það er að breytast, kröfur okkar hljóta verri hljómgrunn en áður. Ástæðan er fyrst og fremst aukin einkavæðing. Fjármálaöflin um allan heim krefjast þess að minni áhersla sé lögð á opinbera þjónustu og meiri á markaðsvæðingu.

Opinber þjónusta hefur þegar að hluta til verið einkavædd víða um heim og í sumum löndum hefur grunnþjónustu jafnvel verið útvistað. Áhrifin eru breytingar á vinnuskilyrðum og þeirri þjónustu sem hið opinbera býður upp á. Almennigur fær minni þjónustu og störf okkar eru ótryggari.

Á sama tíma valda tæknibreytingar breytingum á hagkerfum okkar. Handan við hornið eru vélmennir sem munu taka við mörgum störfum og internetið breytir ekki einungis störfunum heldur einnig starfsumhverfinu. Tengslin milli vinnu og fjármagns riðlast og gömul og gegn hugtök eins og *starfsmaður, vinnuveitandi, laun, einkalíf* og síðast en ekki síst *réttindi* breytast og missa merkingu sína.

Þetta þarf þó ekki að vera dökk mynd. Við þurfum að skilja að til þess að takast á við þessa nýju tegund vinnuforms og nýta okkur hana inn í opinbera þjónustu, muna að muna tæknin getur verið þjónandi. Í verkefninu mætast þó andstæður, því tækninni er stýrt af leikmönnum sem stýrast af hagnaði meðan opinber þjónusta byggist á pólitískri hugmyndafræði. Skilningur okkar á tækniþróuninni er okkur lífsnauðsynleg til þess að vernda opinbera þjónustu og réttindi starfsmanna.

Karen Gregory er fræðimaður og fyrirlesari hjá Háskólanum í Edenborg og hún hefur notað Uber í rannsóknnum sínum. Hún benti á að tæknibreytingar þýddu ekki einungis breytingar á störfum heldur einnig breytingar á samsetningu starfsmannahópsins. Þær væru jákvæðar, störfin yrðu oftast þægilegri, þjónustan aðgengilegri og skilvirkari – jafnvel gagnvirkari, sem hefði jákvæð áhrif á þróun þjónustu og starfa. Hún nefndi sem dæmi að Uber-bílstjórar hefðu haft í bílum sínum í Bretlandi tæki sem „kortlegði“ umferðina fyrir borgaryfirvöld (data driven solution). Þannig fengu borgaryfirvöld gögn á rauntíma án mikils kostnaðar eða fyrirhafnar. Nýju hugtökin eru *Infrastruktura* og *Smart city*. Karen taldi að stutt væri í það að við sæjum heilu borgarsamfélögin beinlínis rekin af einkafyrirtækjum og við þyrftum að fylgjast vel með því það væri ekki hægt að tæknivæði án starfsmanna. Stéttarfélagin þurfa að fara að koma að teikniborði framtíðarinnar.

Serena Sorrentino aðalritari Funzione Pubblica CGIL á Ítalíu sagði frá vel heppnaðri herferð í sínu heimalandi. Þau gerðu viðamikla könnun um réttindi starfsmanna og í kjölfar hennar herferð gegn því að stjórnvöld vildu nota orðið *voucher* í stað tímavinnu. Með þessu reyndu stjórnvöld að fegra það hversu stór hluti opinberra starfsmanna á Ítalíu fær greitt sem tímavinnufólk og hefur þar af leiðandi mun minni réttindi. Serena sagði frá því að vegna peningaleysis eftir efnahagskreppuna hefur ekki verið lagt nóg í að þróa störfin. Það hefur þýtt að opinberar stofnanir hafa ekki tekið upp eða þróað nýjungar að neinu marki. Þær hafa verið fjársveltar og lítil sem engin nýsköpun í gangi. Á meðan hefur einkamarkaðurinn tekið fram úr og jafnveg tekið yfir sumar stofnanir með einkavæðingu. Þetta er það sem gerist. Opinberar stofnanir eru fjársveltar og á þeim punkti sem þær eru hætta að geta þróað nokkuð nýtt, eru þær einkavæddar.

Í kreppunni hafa mannaráðningar einnig verið frystar, þ.e. ekki hefur verið ráðið inn nýtt starfsfólk. Það starfsfólk sem nú vinnur hjá hinu opinbera er að eldast og vegna fjárskorts erum við einnig að verða aftur úr hvað varðar tækniþekkingu. Ný tækni þýðir að við munum þurfa fleiri sérfræðinga. Við þurfum að mennta starfsfólk opinbera geirans til að standast þær kröfur. Við verðum að leggja áherslu á þá samninga í stað þess að berjast gegn tæknibreytingunum.

Annie Enriquez-Geron, forseti Public Services Labor Independent Confederation (PSLINK) á Filíppseyjum sagði frá nýlegum árangri PSI herferðar til þess að fá samþykkt ILO c151 fullgilda í Filíppseyjum, fyrst Asíu þjóða. Það tók Filíppseyjar 7 ár að samþykkja hann. Nú er hafin vinna við framkvæmdina sem er fyrst og fremst þjálfun og fræðsla. Verkefnið er samþykkt bæði af atvinnurekendum, háskólasamfélaginu og stéttarfélögunum sem öll eru þátttakendur í því.

(ILO c151 (1978) er alþjóðasamningur um stéttarfélög í almannajónustu sem fjallar um verndun réttarins til skipuleggja og setja verklagsreglur við ákvarðanir réttinda starfsmanna í almannajónustu.)

Naoki Murakami, forseti landssamtaka slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í Japan (National Council of Japanese Firefighters and Ambulance Workers, Japan) talaði um réttinn til þess að skipuleggja stéttarfélög. Margir japanskir félagar hans hætta lífi sínu hvern dag en er neitað um grundvallar réttindi starfsmanna. Við störfum í óvinsamlegu vinnuumhverfi. Það er mikið áreiti, álag og einelti. Í starfsmannahópnum er mikil stéttsskipting, stjórnendur hafa öll völdin. Menn hrekjast úr vinnu og fremja jafnvel sjálfsmorð vegna þessa.

Það eru um 160 þúsund slökkviliðsmanna í Japan en einungis 10% þeirra eru í stéttarfélögum. Við höfum nú hafið vinnu við að fá þá í félög, en það er erfitt því við höfum ekki rétt til þess að hafa stéttarfélög. Þetta er ekki lýðræðislegur vinnustaður. PSI hefur stutt okkur og við erum að reyna að fá til fólksins réttinn til þess að vera aðilar að stéttarfélagi. Ný stjórnvöld eru hins vegar ekki velviljuð. Við vonum að fleiri styðji okkur í baráttunni. Slökkviliðsmenn eiga að bjarga lífum en ekki vera settir í þá ömurlega aðstöðu að taka eigið líf vegna hræðilegra vinnuskilyrða. Þúsundir slökkviliðsmanna hafa látið lífið vegna kjarnorkugeislunar í Japan, enda vernd þeirra og réttindi lítil sem engin.

Um leið og við þróðum áfram til framtíðar sagði Naoki, skulum við hafa í huga að framtíð er okkar allra. Við þurfum að hafa allan heiminn í huga þegar við veltum fyrir okkur framtíðinni.

Marcelo Di Stefano, alþjóðafulltrúi frá félagi starfsmanna í Háskólanum í Buenos Aires (International Relations, Asociación del Personal de la Universidad de Buenos Aires (APUBA))

Marcelo taldi mikilvægt að við stæðum ekki í vegi fyrir tæknibreytingum framtíðarinnar. Hann sagði; Tækni er þekking – og þekking er vald. Það sem við gerum í stéttarfélögunum er að standa gegn valdi. Við verðum að vera þátttakendur og hafa jafnvel frumkvæði að breytingunum. Við megum ekki taka tæknibreytingum eins og fórnarlömb. Leggjum áherslu á menntun og fræðslu. Tækni er aldrei hlutlaus, tækni er alltaf í eigu einhvers. Nú vilja þeir sem eiga tæknina skera niður og spara til að þjónustu þá sem eiga peningana. Það er ekkert að tækninni heldur því hvernig við tengjum hana við niðurskurð og breytingar. Tækni er ein birtningarleið mismununar. Þ.e. þeir sem eiga peningana eiga tæknina.

George Poe Williams, aðalritari heilbrigðisstarfsmanna í Líberíu, National Health Workers' Union of Liberia – NAHWAL, Liberia.

George útskýrði þann lærdóm sem draga mátti af afar vel heppnaðari herferð sem PSI studdi í Líberíu. Tilgangur herferðarinnar var að fá þá áhættu sem heilbrigðisstarfsmanna þurftu að taka viðurkennda. Meðan á Ebólu faraldrinum stóð höfðu heilbrigðisstarfsmenn lagt sig í mikla hættu, þeim var neitað um grundvallar stéttarfélagaréttindi og fengu oft ekki greitt fyrir vinnu sína.

Ebólu faraldurinn reyndi sannarlega á hæfni heilbrigðisstarfsmanna í Afríku, en um leið opinberaði faraldurinn hversu götótt kerfið var. Hundruð heilbrigðisstarfsmanna lést við störf í Líberíu, réttindalaus og oft launalaus.

Ebóla hafði minni áhrif á heilbrigðisstarfsmenn í löndum sem leyfa stéttarfélög og leyfa starfsmönnum að taka þátt í skipulögðu starfi þeirra. Við höfum félag í Líberíu sagði George en það er ekki viðurkennt af stjórnvöldum.

Herferð okkar með stuðningi PSI gefur von - samvinna gefur von. Á okkar verstu stundum í miðjum Ebólu faraldri risu PSI og félög um allan heim upp okkur til stuðnings. Við náðum árangri. Við erum enn ekki viðurkennd sem opinberir starfsmenn - en við erum sterkar með stuðningi ykkar.

Guy Ryder, Director-General, International Labour Organization (ILO), International

Framtíð PSI og ILO er sú sama. Framtíðin er ekki sérsniðin fyrir okkur, við verðum að ákveða hana sjálf. Ég hef áhyggjur af því að tækni taki of mikinn tíma af umræðum okkar um framtíðina. Við þurfum að ræða fleira, t.d. framkvæmdirnar. Verk okkar munu hafa áhrif á framtíðina.

Guy sagðist halda að það skipti í raun ekki máli hversu stór fjöldi starfs myndi breytast heldur skipti það máli hvernig fjórða byltingin mætir okkur – hvernig við tökum á móti henni. Sumir segja breytingarnar framundan ólíkar því sem nokkurn tímann hefur verið. En lítum í spegil fortíðarinnar. Tæknibreytingar næstu 10 ára munu ekki skemma jafnmörg störf og Lehman brothers gerðu síðustu 10 ár!

Við þurfum líka að horfa til fólksflutunga og lýðræðis í vangaveltum okkar um framtíðina. Á mörgum svæðum er fólk að eldast, heilu þjóðirnar. Önnur svæði eru yngri. Þetta mun skapa mikla fólksflutninga. Við höfum heyrt hér af mörgum dæmum um réttlæysi. Og við sjáum mun á stöðu opinberra og almennra starfsmanna (PSI og ILO) þó við lítum á hópinn sem eitt. Við erum í sömu baráttu og þurfum að leggja mikla áherslu á réttindi okkar allra séu viðurkennd.

Rosa Pavanelli, General Secretary, Public Services International forseti PSI

Þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari og konur og börn eru í sérstaklega erfiðri stöðu – ódýrt vinnuafli sem nýtur ekki réttinda né heilbrigðisþjónustu. Kvennanefnd PSI hefur bent á að enn sé gríðarstórt bil milli kvenna í allra lægstu störfunum og þeirra sem betur eru settar. Við sjáum fleira fólk en áður á flótta undan órétti, stríðsástandi og vegna loftslagsbreytinga. Rasismi og fasismi fer vaxandi í heiminum og við verðum að sporna við því.

Þá höfum við einnig verið með sérstakt átak til að styðja stéttarfélög og stofnun þeirra í vestur Afríku. PSI getur stutt félög víða um heim við að standa vörð um verkfallsréttinn og krefjast öryggi félagsmanna, hvort heldur sem er þeirra sem hafa verið fangelsaðir vegna baráttu sinnar eða öryggi þeirra í starfsumhverfinu. Styrkur okkar liggur í stærðinni og samstöðunni, baráttu okkar er mannréttindabarátta.

Spurningin um framtíðina fjallar um vald. Ekki hægt að nota gamlar aðferðir við nýjum áskorunum. Það þarf að hleypa starfsmönnum að borðinu til umræðna.